

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 57 í stjórn Herjólfs ohf., haldinn 13. júlí kl. 20:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir:

1. Upplýsingar af fundi með fulltrúa Sjómannafélags Íslands (SÍ) sem haldinn var 8. júlí sl.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri upplýstu stjórn um fund sem þeir áttu með fulltrúa SÍ sem haldinn var 8. júlí. Þar var félagsmönnum SÍ boðinn sambærilegur kjarasamningur og samþykktur hafði verið af Sjómannafélaginu Jötni. Jafnframt var óskað eftir því að fulltrúi SÍ byði félagsmönnum SÍ sem starfa á Herjólfu samninginn formlega til yfirlestrar, og þá til samþykktar eða synjunar. Varð báðum boðum hafnað af hálfu SÍ.

Niðurstaða: Stjórn Herjólfs harmar niðurstöðuna. Þó að fulltrúi SÍ hafi lýst því yfir á fundi með fulltrúum Herjólfs að hann hafi ekki lesið kjarasamninginn sem gerður var við Sjómannafélagið Jötnun, hafði stjórn Herjólfs gert sér vonir um að fulltrúar SÍ myndu kynna sínum umbjóðendum samninginn og bera hann undir þá til samþykktar eða synjunar.

2. Verkfallsaðgerðir undirmanna á Herjólfu 14.-15. júlí.

Undirmenn á Herjólfu, sem eru félagsmenn í Sjómannafélagi Íslands, eru á leið í boðaðar vinnustöðvanir nr. 2. Þær koma til framkvæmda dagana 14.-15. júlí.

Niðurstaða: Stjórn Herjólfs harmar stöðuna og áréttar að öllum undirmönnum á Herjólfu hefur verið boðinn sambærilegur kjarasamningur og samþykktur hefur verið af Sjómannafélaginu Jötni. Sá kjarasamningur byggir á lífskjarasamningnum sem skrifað var undir í apríl 2019. Hann hefur verið samþykktur í langflestum stéttarfélögum og nær nú til 152 þúsund starfsmanna sem starfa skv. 220 kjarasamningum.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 18. júlí 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 21:10.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.